

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2539
komudagur 6.5.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 5. maí 2008

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka (539. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. SFF áttu fulltrúa í starfshópi viðskiptaráðherra sem kom að undirbúningi frumvarpsins. Frumvarpið er í meginatriðum í sarmræmi við niðurstöður starfshópsins.

SFF vilja þó gera athugasemdir við eftirfarandi atriði.

Lagt til í 4. gr. frumvarpsins að við 5. gr. laganna bætist svohljóðandi málsgrein: *Tilkynningarskyldur aðili skal gera kröfu um að viðskiptamaður sem þegar er í viðskiptum sanni á sér deili skv. 1. mgr., hafi hann ekki þegar gert það.* SFF gera ekki athugasemd við þetta ákvæði enda vinna mörg fjármálafyrirtæki nú þegar markvisst að því að afla gagna um viðskiptavinum sem þegar eru í viðskiptum. Í mörgum fjármálafyrirtækjum er nú unnið eftir þeirri vinnureglu að gengið er eftir því við eldri viðskiptavin að hann sanni á sér deili þegar hann stofnar til nýrra viðskipta t.d. tekur nýtt lán eða stofnar nýjan reikning og telja SFF eðlilegt að fjármálafyrirtækin fái ráðrúm til byggja upp gagnagrunna um eldri viðskiptavinum hægt og bitandi eins og verið hefur.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 9. gr. laganna verði breytt með þeim hætti að ef ekki tekst að sanna deili á viðskiptavinum sem þegar er í viðskiptum *skuli þá þegar binda endi á viðskiptasambandið.*

Ákvæðið leggur verulega auknar skyldur á fjármálafyrirtæki og ef það verður óbreytt að lögum er fyrirsjáanlegt að fyrirtækin þurfa að fara yfir allan sinn viðskiptamannahóp og ganga á eftir því að viðskiptavinir til margra ára, jafnvel áratuga, mæti á vettvang og framvísi skilríkjum og svari spurningum um tilgang viðskiptasambands o.fl. Hvert fjármálafyrirtæki þarf að leggja í verulegan kostnað við ráðningu mannafla til að sinna þessu stóra verkefni. Að mati SFF er ógerningur fyrir fjármálafyrirtæki að framfylgja þessu ákvæði afdráttarlaust. Hér á landi er ekki óalgengt að einstaklingar eigi reikninga í nokkrum fjármálafyrirtækjum og ef ákvæðið verður að lögum munu meira og minna allir Íslendingar verða kallaðir á fund í þessum fjármálafyrirtækjum á næstu mánuðum til að framvísa skilríkjum þrátt fyrir að nafn þeirra og heimilisfang sé þekkt í þjóðskrá og þeir aldrei tengst óeðilegum viðskiptum. Í slíku fundarboði þarf að taka fram að ef viðskiptavinur framvísi ekki umræddum gögnum verði lokað á viðskipti hans. Fyrirfram má gefa sér að nokkuð stór hópur viðskiptavina svo sem ellilífeyrisþegar, sjúklingar og einstaklingar búsettir erlendis, sem átt hafa farsæl viðskipti til margra ára við sinn banka eða sparissjóð, muni eiga í erfiðleikum með að mæta á vettvang til að leggja fram nauðsynleg gögn. Ekki þarf að hafa mörg orð um þau óþægindi sem þetta ferli hefur í för með sér fyrir viðskiptavinum fjármálafyrirtækja.

Í ákvæðinu er engin undanþága gefin frá framkvæmd áreiðanleikakönnunar eldri viðskiptavina og fjármálafyrirtæki því skylt að loka innlánsreikningi og senda eiganda inneign sína ef viðkomandi mætir ekki á staðinn og sannar á sér deili. Ekkert tímamark er gefið varðandi hvenær skuli í síðasta lagi binda endi á viðskiptasamband ef viðskiptavinur sinnir ekki beiðni um að framvísa gögnum vegna áreiðanleikakönnunar. Ekki er hugsað fyrir því í ákvæðinu hvað fjármálafyrirtæki ber að gera ef eigandi reiknings finnst ekki, t.d. ef

hann er búsettur erlendis. Að sama skapi vaknar upp sú spurning hvort það myndi leiða af þessari skyldu að fjármálafyrirtæki verði skylt að gjaldfella lán aðila sem ekki hafa sannað á sér deili. Ekki þarf að fjölyrða um alvarlegar afleiðingar af gjaldfellingu láns fyrir lántaka. Af framangreindu má vera ljóst að ákvæðið er vanhugsað og ógerlegt fyrir fjármálafyrirtæki að fara eftir því í framkvæmd. SFF leggja því til að ákvæðið falli brott. Ef löggjafinn telur ekki forsendur til að fella ákvæðið brott er afar brýnt að taka skýrt fram í frumvarpinu að fjármálafyrirtækjum verði ekki gert skylt að loka á viðskipti viðskiptavina sem þegar eru í viðskiptum þegar lögin taka gildi.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.